

Fimmtudaginn 27. nóvember 1997.

Nr. 78/1997.

Atli Eðvaldsson

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Knattspyrnufélaginu Val

(Brynjar Níelsson hdl.)

Samningur. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1997 að fengnu áfrýjunarleyfi. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 486.203 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 28. mars 1994 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir héraðsdómi og við áfrýjun málsins beindi áfrýjandi kröfum sínum að knattspyrnudeild Vals, en stefndi Knattspyrnufélaginu Val til réttargæslu í héraði og fyrir Hæstarétti. Við munnlegan málflutning hér fyrir dómi var lýst yfir því, að aðilar væru sammála um að breyta aðild að málinu þannig, að Knattspyrnufélagið Valur kæmi í stað knattspyrnudeildar félagsins. Þessari breytingu verður komið að fyrir Hæstarétti. Kemur því ekki frekar til álita, hvort á aðild málsins hafi í öndverðu verið annmarkar, sem hefðu getað varðað frávísun þess vegna ákvæða 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

II.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að árið 1989 hafi hann verið í starfi hjá stefnda samkvæmt samningi, sem hafi náð bæði til þess, að hann léki knattspyrnu með félagsliði stefnda og þjálfaði yngri leikmenn þess. Við lok starfstímans hafi áfrýjandi átt inni laun hjá

stefnda og leitað eftir uppgjöri. Stefndi hafi ekki haft handbært fé, en boðist til að afla fjár fyrir greiðslu handa áfrýjanda með því að selja í banka víxil, sem áfrýjandi samþykkti til greiðslu, faðir hans gæfi út og stefndi ábækti. Þetta hafi gengið eftir og áfrýjandi fengið í hendur fjárhæð víxilsins, 500.000 krónur, en stefndi hafi lofað að greiða hann á gjalddaga 15. nóvember 1989. Vixilskuldin hafi síðan verið framlengd með nýjum víxli með sömu skuldurum. Sá víxill hafi verið að fjárhæð 579.469 krónur, út gefinn 5. janúar 1990 og með gjalddaga 15. apríl sama árs. Vanskil hafi orðið á þeim víxli, og hafi áfrýjandi og faðir hans gert dómsátt um skuldina við víxilhafann 8. apríl 1991. Í mars, júní og júlí 1991 hafi stefndi greitt samtals 443.752 krónur inn á skuldina, en frekari greiðslur hafi hann ekki innt af hendi. Fjárnám hafi síðan verið gert fyrir eftirstöðvum skuldarinnar í fasteign áfrýjanda á grundvelli fyrrnefndrar dómsáttar og nauðungarsölu krafist á eigninni árið 1993. Áfrýjandi hafi greitt skuldina 28. mars 1994 með 486.203 krónum. Í málinu krefur hann stefnda um endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar.

Stefndi kveður núverandi stjórnendum sínum vera að mestu ókunnugt um atvik málsins. Þeim sé ljóst, að áfrýjandi hafi leikið með félagsliði stefnda á fyrrnefndum tíma, en hins vegar sé þeim ekki kunnugt um, hvort samningur hafi verið gerður um það efni eða hvers efnis slíkur samningur hafi getað verið. Fyrir liggir, að stefndi hafi verið ábekingur á fyrrnefndum víxli með gjalddaga 15. apríl 1990. Hann hafi þannig verið skuldbundinn gagnvart víxilhafanum og greitt inn á skuldina af þeim sökum. Stefndi mótmælir því, að hann hafi lofað áfrýjanda að greiða víxilinn, enda liggir ekkert fyrir um slíkt loforð, hvorki í gögnum málsins né fundargerðum eða bókhalði stefnda. Þá mótmælir stefndi því einnig, að einstakir menn, sem hafi átt sæti í stjórn hans á umræddum tíma, hafi verið færir um að skuldbinda hann með loforði sem þessu.

III.

Áfrýjandi heldur því fram, sem áður segir, að hann hafi gegnt launuðu starfi hjá stefnda sumarið 1989 sem leikmaður í knattspyrnuliði Vals og þjálfari. Þessi staðhæfing fær stuðning í framburði vitnisins Eggerts Árna Magnússonar fyrir héraðsdómi, en hann var formaður knattspyrnudeildar stefnda fram í desember

1989. Undir rekstri málsins hefur stefndi átt kost á því að hnekkja þessu, meðal annars með framburði annarra stjórnenda sinna eða starfsmanna frá umræddum tíma. Þetta hefur stefndi ekki gert. Verður því að leggja þessa staðhæfingu áfrýjanda til grundvallar við úrlausn málsins.

Í vitnaskýrslu fyrir héraðsdómi greindi Eggert Árni Magnússon frá því, að áfrýjandi hefði átt inni fé hjá stefnda haustið 1989, og hafi þá verið gerður víxill, sem hafi átt að selja til að ganga frá skuldbindingum við áfrýjanda. Væntanlega hafi áfrýjandi verið samþykkjandi víxilsins, faðir hans útgefandi og stefndi ábekingur. Stefndi var bókhaldsskyldur á þeim tíma, sem hér um ræðir, sbr. 5. tölulið A-liðar 2. gr. þágildandi laga nr. 51/1968 um bókhald, og á honum því að vera auðið að leggja fram gögn um, hvort áfrýjandi hafi fengið greidda inneign sína vegna fyrrnefndra starfa. Þegar gætt er að þessu, verður að leggja á stefnda sönnunarbyrði fyrir því, að atvik varðandi launagreiðslu til áfrýjanda hafi verið á annan veg en hinn síðarnefndi heldur fram með stuðningi í áðurgreindum vitnisburði. Slík sönnun hefur ekki tekist.

Staðhæfing áfrýjanda um, að stefndi hafi átt að greiða víxilinn með gjalddaga 15. apríl 1990, er í samræmi við fyrrgreindan tilgang víxilsins og fær meðal annars stuðning í vitnaskýrslu Eggerts Árna Magnússonar, sem kvað röð skuldara á víxlinum hafa verið svo sem raun ber vitni, til þess að unnt yrði að selja hann, því að fjárhagsstaða stefnda hafi verið slæm. Stefndi greiddi þrívégis inn á víxilskuldina árið 1991, þar af tvisvar, eftir að aðrir skuldarar en hann höfðu gert dómsátt um hana við víxilhafann. Í málflutningi stefnda fyrir Hæstarétti var upplýst, að hann hefur ekki nýtt sér framkröfu samkvæmt víxlinum á hendur áfrýjanda vegna þessara greiðslna. Stefndi hefur ekki skýrt þessar gerðir sínar með viðhlítandi hætti. Þegar litið er til alls þessa, verður að telja nægilega sýnt fram á, að áfrýjandi hafi verið veitt loforð um, að stefndi myndi greiða umræddan víxil. Þetta loforð verður að skoðast skuldbindandi fyrir stefnda án tillits til heimildar þess, sem það veitti, enda verður að líta svo á, að stefndi hafi virt loforðið í verki með fyrrnefndum greiðslum upp í víxilskuldina. Ekki eru efni til að fallast á það með stefnda, að krafa áfrýjanda af þessu tilefni sé fyrnd.

Samkvæmt framansögðu verður krafa áfrýjanda tekin til greina,

en fjárhæð hennar hefur ekki sætt andmælum. Verður stefndi dæmdur til að greiða hana með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Stefnda verður gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er í einu lagi, svo sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Knattspyrnufélagið Valur, greiði áfrýjanda, Atla Eðvaldssyni, 486.203 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 28. mars 1994 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. október 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. október sl., var höfðað með stefnu, birtri 10. janúar 1996.

Stefnandi er Atli Eðvaldsson, kt. 030657-2569, Birkibergi 18, Hafnarfirði.

Stefndi er knattspyrnudeild Vals, kt. 530683-0799, Reykjavík. Þá er Knattspyrnufélaginu Val stefnt til réttargæslu.

Stefnandi gerir þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til greiðslu 486.203 kr. auk dráttarvaxta skv. ákvæðum vaxtalaga nr. 25/1987 frá 28. mars 1994 til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti. Enn fremur er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti, og beri málskostnaðarfjárhæð án virðisaukaskatts dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær kröfur, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Jafnframt er gerð sú krafa, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

II.

Málsatvik.

Samkvæmt því, sem fram kemur í stefnu, var stefnandi samningsbundinn leikmaður með knattspyrnuliði stefnda árið 1989. Þegar því starfi lauk haustið 1989, krafðist stefnandi greiðslu vangoldinna launa hjá stefnda.

Samþykkti stefnandi víxil, sem faðir hans, Eðvald Hinriksson, var útgefandi að, en stefndi ábekingur.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi boðist til að selja víxilinn í banka til þess að greiða stefnanda. Þá hafi þáverandi formaður stefnda, Eggert Magnússon, lofað, að stefndi greiddi víxil þennan á gjalddaga.

Stefndi greiddi inn á víxilskuldina 15. mars 1991 200.000 kr., 5. júní s. á. 232.005 kr. og 17. júlí s. á. 11.747 kr. Stefnandi greiddi eftirstöðvar víxilskuldarinnar, 486.203 kr., 28. mars 1994.

Stefnandi styður kröfur sínar meginreglum samningaréttar um skuldbindingargildi samninga og afleiðingar vanefnda. Stefnandi kveður stefnda hafa vanefnt greiðsluloforð sitt, og því beri að dæma hann til greiðslu. Stefnandi segir, að greiðsluskylda stefnda sé ótvíræð, enda hafi greiðsluloforðið verið gefið af þar til bærum aðila og stefndi auk þess viðurkennt greiðsluskyldu sína með því að greiða þrisvar inn á skuld sína.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að núverandi fyrirsvarsmönnum stefnda sé ekki kunnugt um, að stefnandi hafi verið samningsbundinn leikmaður hjá stefnda umrætt tímabil. Ekkert komi fram í bókhaldi stefnda um skuld við stefnanda. Þá komi ekkert fram um það í fundargerðabók né öðrum gögnum stefnda, að stefndi hafi lofað að greiða umræddan víxil, né heldur, að stefndi skuldi stefnanda.

Stefndi mótmælir því, sem fram kemur hjá stefnanda, að hann hafi viðurkennt greiðsluskyldu sína með því að greiða inn á víxilinn. Stefnandi hafi hins vegar greitt inn á víxilinn, eftir að lögmaður Íslandsbanka hafi krafist hann um greiðslu, enda hafi stefndi verið víxilskuldari gagnvart eiganda víxilsins.

Stefndi segir það, sem komi fram hjá stefnanda, að Eggert Magnússon hafi verið formaður stefnda á umræddum tíma, sé ekki rétt; hann hafi hvorki verið formaður né á þessum tíma í stjórn stefnda. Enn fremur telur stefndi, að enda þótt Eggert Magnússon hefði verið formaður stefnda á umræddum tíma, hefði loforð hans ekki skuldbindingargildi gagnvart stefnda. Stefnandi vísar að öðru leyti til almennra reglna samninga- og kröfuréttar. Stefnandi bendir á, að ef um sé að ræða ógreidda launakröfu, sé hún fyrnd, sbr. 3. gr. laga nr. 14/1905.

Stefnandi gaf aðilaskýrslu fyrir dóminum. Þá komu fyrir sem vitni Eggert Árni Magnússon, fyrrverandi formaður réttargæslustefnda, og Garðar Vilhjálmsson, fyrrverandi starfsmaður stefnda.

III.

Niðurstaða.

Í málinu liggur frammi ljósrít víxils, að fjárhæð 579.469 kr., samþykkt af stefnanda til greiðslu 15. apríl 1990. Víxill þessi er út gefinn 5. janúar 1990

af Eðvald Hinrikssyni, en ábektur af stefnda. Við kaup Verslunarbanka Íslands á víslinum 8. janúar 1990 kemur fram, að hann sé til endurnýjunar á vísli, að fjárhæð 500.000 kr., og sé stefndi seljandi. Vísill, að fjárhæð 500.000 kr., liggur ekki frammi í málinu. Hins vegar er í gögnum málsins ljósrit víxilsvuntu, þar sem fram kemur lýsing víxilsins, m. a., að vísillinn er með áðurnefndum víxilskuldurum og að gjalddagi hans hafi verið 15. nóvember 1989.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi samþykkt að greiða upprunalega vísilinn, að fjárhæð 500.000 kr., og með því móti gert upp launaskuld við sig.

Fyrir liggur í málinu, að stefnandi lék knattspyrnu með liði stefnda árið 1989. Stefnandi hélt því fram fyrir dóminum, að gerður hefði verið við sig skriflegur leikmannasamningur. Sá samningur hefur ekki verið lagður fram.

Eggert Magnússon, fyrrverandi formaður stefnda, upplýsti fyrir dóminum, að enginn skriflegur samningur hefði verið gerður við stefnanda. Vitnið kannaðist hins vegar við, að stefndi hefði skuldað stefnanda peninga. Kvaðst vitnið geta fullyrt, að vísill, sem stefnandi hefði samþykkt og faðir hans gefið út, hefði verið útbúinn til að fullnægja ákveðnum skuldbindingum stefnda við stefnanda. Vitnið kvaðst hins vegar ekki muna fjárhæð víxilsins, enda hefði það ekki séð hann. Fjárhæðin 400-500 þúsund kr. gæti þó verið nærri sanni. Vitnið kannaðist ekki við formlega samþykkt þess efnis, að stefndi hefði tekið að sér greiðslu víxilsins.

Garðar Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri Vals á umræddum tíma, upplýsti fyrir dóminum, að sér hefði verið kunnugt um víxla, sem tengdust stefnanda, en vitnið sá um framlengingu víxilsins einu sinni, að því er það minnti. Vitnið gat ekkert upplýst um tilurð víxilsins.

Í málinu liggja ekki fyrir gögn, er upplýsi um starfskjör stefnanda hjá stefnda, kvittanir fyrir launagreiðslu, afrit skattframtala eða annað það, sem varpað gæti ljósi á þá fullyrðingu stefnanda, að stefndi hefði skuldað honum laun, að upphæð 500.000 kr., þegar hann hætti að leika knattspyrnu með félaginu haustið 1989.

Gegn neitun stefnda verður ekki talið, að greiðsla stefnda til Íslandsbanka árið 1991 inn á víxilskuld stefnda verði talin viðurkenning á því, að stefndi hafi ábyrgst greiðslu víxilskuldarinnar gagnvart stefnanda. Þá verður ekki heldur talið, að framburður vitnisins Eggerts Magnússonar sanni fullyrðingu stefnanda um, að forsvarsmenn stefnda hafi gefið loforð um að greiða víxilskuldina, enda er framburður vitnisins óglöggur um meginatriði málsins. Samkvæmt því ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í máli þessu.
Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, knattspyrnudeild Vals, skal vera sýkn af kröfum stefnanda,
Atla Eðvaldssonar, í málinu.
Málskostnaður fellur niður.
